

MONITOR



FRÍTT
EINTAK

TÓNLIST, KVIKMYNDIR, SJÓNVARP, LEIKHÚS, LISTIR, ÍPRÓTTIR, MATUR OG ALLT ANNÆÐ



ISELBYKKA/SALU/ARI/50562/08/10

Sérniðin þjónusta fyrir allar *tegundir* námsmanna.
Námsmenn okkar fá betri *kjör* og *meiri* fríðindi.

Nánari upplýsingar um Námsmannþjónustu Arion banka fást hjá
þjónusturáðgjöfum í útibúum okkar og á arionbanki.is eða í síma 444 7000.

 Arion banki



ERNA ÓMARSDÓTTIR OG VALDIMAR JÓHANSSON ERU SAMHELDIÐ PAR

Dansar, syngur og orgar

Mynd/Eggert

Erna og Valdimar sameina krafta sína á nútímalistdanshátíð

„Fólk heldur að það þurfi að vita eitthvað um þetta áður en það mætir, en það er alls ekki málið og þetta kemur flestum á óvart,“ segir Erna Ómarsdóttir dansari, um nútímadans. „Það má allt gerast og það kemur allt saman, myndlist, tónlist og dans. Það er það skemmtilega við þetta.“

Erna er ein margra sem koma fram á Reykjavík Dance Festival í næstu viku en hún er löngu orðin þekkt sem einn framsæknasti og virtasti danslistamaður Íslands. Hefur því jafnvel verið fleygt að hún sé Björk íslenska dansheimsins.

„Það er nú svolítið mikið ýkt,“ segir hún. „Ég er búin að ferðast út um allt, sýna í helstu leikhúsum í Evrópu og vinna með mjög stórum dans- og leikstjórum, en þetta er allt

annar bransi. Það er ekki hægt að líkja honum við tónlistarbransann. Fólk þekkir mig kannski í sumum löndum en í öðrum veit fólk ekki neitt.“

Það angrar hana samt ekki að tónlistarmenn fái oft meiri athygli fyrir afrek sín erlendis.

„Ég er ekki mikið að velta því fyrir mér. Stundum finnst mér samt skrítið hvað íþróttir fá miklu meiri athygli en listir því það er svo mikið að gerast í listum,“ segir hún. „En núna er mjög mikil gróska hér og mikið af sjálfstæðum danshópum og höfundum að spretta upp. Þá þurfum við að vera dugleg að minna á okkur.“ Þess vegna sé líka mikilvægt að halda hátíð eins og Reykjavík Dance Festival. Þær geti líka skapað íslenskum dönsurum góð tækifæri á erlendri grundu.

Innblásin af Kántrýbæ

Ernu er fleira til lista lagt og er hún til dæmis í tveimur hljómsveitum, Pony og svo hljómsveitinni Lazy Blood ásamt kærasta sínum Valdimar Jóhannssyni, sem einnig er í hljómsveitinni Reykjavík!

„Þetta er hliðarverkefni sem okkur finnst ógeðslega gaman að vinna í. Ég syng aðallega og góla og garga en þetta er einhvers konar elektrónísk metal-ópera með diskóívaði,“ útskýrir Erna en Valdimar hefur unnið tónlist fyrir ýmis dansverk hennar. Til dæmis fyrir verk á Reykjavík Dance Festival sem þau tileinka Hallbirni Hjartarsyni, kúreka norðursins.

„Það varð til þegar við vorum að gera verk fyrir hátíð í strandbæ í Belgíu. Við sóttum innblástur í sandinn og sjóinn en fórum allt í

REYKJAVÍK DANCE FESTIVAL

RDF2010 verður haldin í dagana 1. til 5. september í Norðurpólnum, Hafnarhúsinu og Brim-húsinu. Hátíðarstrætó mun ganga á milli Norðurpólsins og hinna sýningarstaðanna. Hægt er að nálgast miða á einstaka viðburði eða hátíðarpassa á Midi.is. Nánari upplýsingar er að finna á Dancefestival.is.

einu að hugsa um Hallbjörn. Hann varð svo innblástur að framhaldinu en að lokum er þetta bara sjálfstæð fantasía og alls ekki um hann.“

En kemur til greina að kærastinn spreyti sig á dansinum? „Jú, ég er að reyna að plata hann fyrir næsta verk því það býr ýmislegt í honum!“

Monitor mælir með

LEIÐ Scott Pilgrim vs. the World, nýjasta myndin með Michael Cera, er mjög skemmtileg og Cera hefur sjaldan verið betri. Fersk og töff mynd sem er klárlega óhætt að mæla með. Myndin er frumsýnd í þessari viku og Monitor er að gefa miða á Facebook.



I MAGANN Fylgífiskar eru með fiskisúpu í hádeginu sem er alls ekkert slor.

Holl, góð og ódýr og nýbakaða brauðið sem fylgir henni er svo gott að það halda mætti að sjálfur Jesú frá Nasaret hafi hnoðað það.



I SPILARANN Iron Maiden er kannski orðin eldri en sólin og hafíð, en nýjasta plata sveitarinnar er helvíti þétt. Heilar 76 mínútur að lengd og lengsta plata Iron Maiden frá upphafi, en miðað við að þetta er 15. platan frá þessari 35 ára gömlu sveit er Final Frontier lygilega fersk.



Vikan á...

facebook

Felix Bergsson gekk úr öllum kirkjum árið 1996. Það var mikill léttir.. 25. ágúst kl. 07:58

Bubbi Morthens Jón Bjarnasson ráðherra er mannlegur torfbær 24. ágúst kl. 20:50

Bergur Ebba Benediktsson held að Josh Hartnett sé að stela buxnahönnun frá mér 24. ágúst kl. 15:50

Gisli Marteinn Baldursson Fótbolti.net nær ekki að vera með beina lýsingu af leik Vals og KR af því að það er netlaust á VODAFONE vellinum. 23. ágúst kl. 18:38

Gunnleifur Gunnleifsson finnst gaman að vera harður City stuðningsmaður:) 23. ágúst kl. 08:41

Hafsteinn Thor Gudjonsson Are there any new and upcoming music producers out there??? I'm curious about new talent, new sounds, new ideas... send me a line, and let me know that you are out there. The possibilities are endless... -Hh- 25. ágúst kl. 16:47

Feitast í blaðinu

Skólarnir byrja og Monitor fór í heimsókn og tók púlsinn á stemningunni. >>4

Stíllinn spjallaði við fyrirsætuna Soffíu Dóru og kíkta í fataskápinn. >>8

Einar Bárðarson hefur aldrei átt böffalóskó. Hann er í hressu opnuviðtali >>12

Biófrumsýningar helgarinnar og verstu kvikmyndagerðarmenn heimsins. >>14

Andri Ólafsson úr bandinu Moses Hightower þreytir Lokaprófið með glans. >>15

Efst í huga Monitor

Vespa handa þér

Fólk hefur verið duglegt að senda okkur myndir í keppnina um Extra-brosið og margar skemmtilegar myndir hafa borist. Okkur langar að sjálfsgöðu að fá ennþá fleiri og munum við taka við myndum til 6. september. Þá setjum við allar myndirnar á netið og Facebook-notendur sjá um að kjósa bestu myndina.

Sigurvegurinn verður krýndur 16. september og fær hann hvorki meira né minna en Vespu frá Heklu að verðmæti 489.000 krónur, Canon-myndavél, kort í Sporthúsið og ársbirgðir af eExtra.

Sendu okkur mynd af þér skælbrosandi á extra@monitor.is. Nánari upplýsingar um leikinn má finna á vefslóðinni www.monitor.is/vespa.



VESPA 50 LX FRÁ HEKLU ...BARA FYRIR AÐ BROSÁ!





Björt framtíð fyrir íslenska bankakerfið Brynja, Diljá, Sóley Lind, Mjöll og Sandra eru allar á viðskiptabraut en þær ætla að passa sig mjög vel að valda ekki öðru efnahagshruni þegar þær koma út á vinnumarkaðinn.



Hádegisfjör Það þurfti engar klappstýrur á meðan Moses Hightower og Díska Jakobs spiluðu í MH, en Ásta og Rákel hefðu sómað sér vel sem slíkar.



Sér um sína Þessi ungi MS-ingur, sem kallar sig Willson Rak, passar vel upp á „Gunnar pungsa“, vin sinn.

Skólarnir fara aftur af stað

*Framhaldsskólar landsins eru komnir á fulla ferð eftir alltof stutt sumarfrí. Þeir sem **Monitor** tók púlsinn á voru þó enn í góðum gír.*



MH-gleði Jón Pétur, Tómas og Þorgrímur segja bókaverð vera alltof hátt en neita greinilega að tapa gleðinni.




Sérlega hressar Lára og Dóra eru umhverfissvænar ungar stúlkur sem koma saman á bíl í Menntaskólann við Hamrahlíð.



Menntaskólinn við Kringluna Ungir Verslingar bregða sér gjarnan í verslunarleiðangur í hádegishléinu.




Saknar skólans Díska Jakobs söng fyrir MH, gamla skólann, í hádeginu.



Hvergi bangnir Dagir og Matti eru ekki kvíðnir fyrir busadeginum, enda vel farið með nýnema í Versló.



Ljúft á toppnum Eins og sést á Kötlum, Rúnari, Stefáni og Herdísi er lífið á lokaári í Versló frekar ljúft.



Gripin glóðvolg Maren Ellu finnst strákklósettið miklu snyrtilegra.



Á brúninni Hjalti og Sindri voru ferskir á kantinum fyrir utan MH, í orðsins fyllstu merkingu.



Kominn tími á '95 ball Eydís, Danijela og Sóldís hlakkar til '85 ballsins þótt árið 1985 hafi líklega verið á fornöld í þeirra huga.



Pókerfés Sölvi og Franz voru ekki eins hressir með að byrja aftur í skólanum og þeir líta út fyrir að vera.



Hvarð sérðu marga busa? Stelpurnar þrjár lengst til vinstri eru allar nýnemar en falla eins og flís við rass.



Slakir Emil, Hlyni, Kolbeini og Sigga finnst betra að chilli í grasinu en í Norðurkjallaranum á góðum degi.

ÍSLENSKA
**HAMB
ORGARA
FABRIK
KAN**
2010



Nr. 13 TRUKKURINN

HAPPY HOUR

MILLI KL. 22.00 OG 00.00

FIMMTUDAGA | FOSTUDAGA | LAUGARDAGA

Rúmlega 4 stórir Óléttöl í partíkönnu: 1.995 kr.

Mojito: 995 kr.

OG VIÐ SKUTLUM ÞÉR FRÍTT Í BÆINN!

Borðapantani: Sími: 575 7575 | fabrikk@fabrikk.is

Þennan jakka gaf vinkona mín mér, hún keypti hann í Kolaportinu.



Klæðist því sem er kúl og þægilegt

Stíllinn kíkti í fataskápinn hjá fyrir-sætunni og laganemanum **Soffíu Dóru**

Soffía Dóra Jóhannsdóttir er 22 ára Vesturbæingur sem hefur lengi starfað sem fyrirsæta, bæði hér heima og erlendis. Hún hóf fyrirsætuférl sinn aðeins fimmtán ára gömul og hefur starfað í stórborgunum Milánó, London og New York. Nú í haust fer hún á þriðja ár í lögfræði við Háskóla Íslands. „Skólaárið leggst mjög vel í mig. Ég er tilbúin að fara aftur í skólann eftir viðburðaríkt sumar,“ segir Soffía, en sumrinu eyddi hún í ferðalög um Evrópu, Balkanskagann þá sérstaklega. „Ég var að vinna sem sjálfboðaliði í Albaníu, sem enskukennari í litlu þorpi nærri höfuðborginni Tírana. Ég fór út á vegum sænsku hjálparstakanna Tamam. Eftir að ég kom heim hef ég verið að vinna í fatabúðinni ELM á Laugaveginum,“ segir Soffía.



Kaðlahálsmenið gaf Edda vinkona mín mér frá Berlín.

Stíllinn hennar Soffíu

Hvernig myndirðu lýsa stílnum þínum?

Ég klæðist því sem mér finnst kúl og þægilegt.

Hvar verslar þú helst?

Ég versla helst í Urban Outfitters, H&M, Monki og Topshop, eða þar sem ég sé falleg fót hverju sinni.

Verslar þú mikið? Ég versla aðallega þegar ég fer til útlanda, en sem námsmaður verð ég víst að reyna að stilla því í hóf.

Hver er þín uppáhaldsflík? Mér þykir mjög vænt um skyrtuna sem amma og afi gáfu mér frá Ungverjalandi þegar ég var lítil.

Skyrtuna fékk ég úr nýjustu línu ELM.



Samfestingurinn er keyptur í Urban Outfitters í Kaupmannahöfn seinasta sumar.

Þessi skyrtu, sem ég fékk í gjöf frá ömmu og afa, er ein af mínum uppáhaldsflíkum.

Þessa peysu sendi systir mín mér frá Suíþjóð, keypt í Gina Tricot.



Myndir/Allan



Stjörnustríð

Beyoncé og **America Ferrera** klæðast hér báðar kjól eftir hönnuðinn Catherine Malandrino. Satt best að segja gæti enginn unnið Beyoncé í Stjörnustríðinu. Litirnir sem hún klæðist fara henni mun betur en litirnir hjá America. Því miður America.

Cheryl Hines, úr þáttunum Curb Your Enthusiasm, og **Rihanna** berjast hér í Zac Posen kjól. Rihanna rokkar í kjólnum með eldrauða hárið og varirnir, en þó klæðir hann Cheryl einnig mjög vel. Stíllinn vill ekki vera vondur við Cheryl fyrir að vera settleg, þannig að niðurstaðan er jafntefli.

Hér sjáum við leikkonuna viðkunnalegu **Gwyneth Paltrow** í hönnun Victoríu Beckham. Á móti henni er **Nicole Scherzinger**, foringi stúlknabandsins Pussycat Dolls. Gwyneth er heldur litlaus að sjá í þessum ljósgráa lit, en Nicole ber litinn betur og hefur ómótstæðilegan líkama sem fær að njóta sín vel.

Natalie Portman mætti á sýningu hjá New York City Ballet í þessum krúttlega Vena Cava kjól, á meðan **Eva Mendes** klæddist honum hversdagslega á götum Hollywood. Eva Mendes fær vinninginn í þetta sinn, þar sem líkamsbygging hennar hentar kjólnum betur. Einnig krydda skómir og taskan skemmtilega upp á.

sms smálán

Þetta er
sniðugt!



Hjá Kredia getur þú fengið smálán þegar þig vantar smá lán í stuttan tíma. Að fá smálán er ótrúlega einfalt og það er afgreitt strax inn á bankareikninginn þinn.*

Smálán á vefnum

Á vefnum kredia.is skráir þú þig og þar getur þú einnig sótt um smálán. Í fyrsta sinn sem þú notar þjónustuna getur þú tekið lán sem nemur 10.000 krónum. Lánið þarf að endurgreiða innan 15 daga. Hvert lán sem þú tekur veitir þér rétt til herra láns næst þegar þú þarft smálán.**

Smálán með síma

Þegar þú hefur skráð þig á kredia.is getur þú notað þjónustuna hvar og hvenær sem er með því að senda sms til **1919** með upphæð láns. Þú getur einnig hringt í **515 1919** og gengið frá láninu með þjónustufulltrúa í þjónustuveri.

Verðskrá		
Upphæð	Kostnaður	Samtals
10.000 kr.	2.500 kr.	12.500 kr.
20.000 kr.	4.750 kr.	24.750 kr.
30.000 kr.	7.000 kr.	37.000 kr.
40.000 kr.	9.250 kr.	49.250 kr.

*Smálán eru aðeins veitt fjárráða einstaklingum, 18 ára eða eldri, sem ekki eru á vanskilaskrá.

**Lántaki getur einungis haft eitt lán í einu, nýtt lán er ekki veitt nema fyrra lán sé endurgreitt að fullu.



1. Þú skráir þig á www.kredia.is og sækir um að gerast lántakandi (tekur aðeins örfáar mínútur).



2. Þú getur sótt um lán hvenær sem er með því að senda sms í númerið **1919**.



3. Peningarnir eru lagðir inn á bankareikninginn þinn strax.

Snýst um að sta og halda á

Einar Bárðarson heldur upp á eins árs afmæli Kanans hinn 1. september. „Það erfiðasta sem ég hef gert,“ segir hinn íslenski **Simon Cowell**, sem ræðir við **Monitor** um hæðirnar og lægðirnar á einstaklega litríkum ferli sínum.

Texti: Björn Bragi Arnarsson

bjornbragi@monitor.is

Myndir: Gólli

golli@mbl.is

Selfyssinginn, umboðsmanninn, lagahöfundinn, Eurovision-farann, Idol-dómarann og nú síðast útvarpsstjórnann Einar Bárðarson þarf ekki að kynna fyrir mörgum. Hann komst fyrst í sviðsljósið rétt fyrir aldamótin, sem umboðsmaður Skítamórala og einn af lagahöfundum sveitarinnar, og alla tíð síðan hafa Íslendingar haft skoðun á manninum. Líklega hafa fáir lýst Einari betur en breska blaðið Daily Mail þegar það skrifaði að hann væri „hinn íslenski Simon Cowell“. Í dag býr Einar í Innri-Njarðvík ásamt eiginkonu sinni til fimm ára, sem hann trúlofaðist fyrir áratug. Þau eiga saman fjögurra ára dóttur og tveggja ára syni.

Einar gekk í Fjölbrotaskóla Suðurlands og fór síðan í háskólanám í markaðsfræði í Arizona í Bandaríkjunum. „Ég fór reyndar fyrst til Bandaríkjanna þegar ég var 16 ára og var skiptinemi þar í Pennsylvaníu. Þar fékk ég meðal annars að búa hjá Amish-fjölskyldu í tvo sólarhringa, sem var svolítið eins og að detta inn í þátt af Húsinu á sléttunni. Eftir þá lífsreynslu hætti maður að kvarta yfir minniháttar hlutum,“ segir Einar.

Einar kom aftur til Íslands frá Arizona um aldamótin og hóf að reka Hard Rock, en á sama tíma var hann kominn á fullt í umboðsmennsku, tónleikahald og viðburðastjórnun. Út frá þeim verkefnum stofnaði hann fyrirtækið Concert og árið 2006 fluttist hann til Bretlands til þess að koma helstu flaggskipum Concert á framfæri; tenórsöngvaranum Garðari Cortes og stúlknasveitinni Nylon.

„Þetta tók mikið á og það var mikil togstreita í mér, enda var ég nýorðinn fjölskyldumaður þegar ég var að prófa mig áfram þarna úti,“ segir Einar, sem sneri heim árið 2008. Nýjasta verkefni hans er útvarpsstöðin Kaninn sem var stofnuð fyrir réttu ári síðan. „Markmiðið er að eiga bestu útvarpsstöð landsins fyrir aldurshópinn 20 til 50 ára,“ segir Einar sem er ekki vanur að ráðast á garðinn þar sem hann er lægstur.

Lög eftir Einar Bárðarson sem þú hefur mjög líklega fengið á heilann:

Farin – Skítamóral

Ennþá – Skítamóral

Myndir – Skítamóral

Með þér – Skítamóral

Spennur – Á móti sól

Keyrðu mig heim – Á móti sól

Allt – Á móti sól

Ég sé þig – Björgvin Halldórsson

Angel – Two Tricky (Eurovision)

viðtalið

Standa upp áfram

Byrjum á byrjuninni. Þú samdir lagið Farin sem kom út árið 1997 og naut brjálæðislegra vinsælda hjá poppklikkunni, en var jafn hatað af rokkkredsunni. Hvaðan kom þetta lag?

Þetta var einhver gömul vinkona sem ég var að syngja um, eins og heyrir alveg greinilega í laginu. Þessi lög eru alltaf um einhverjar kerlingar, hvort sem það er hjá Bítlunum, Elvis eða öðrum. Skítamóral hafði gefið út plötu árið áður, en þeim fannst lögin á henni ekki nógu góð og voru að leita út fyrir hringinn að fleiri lögum. Ég samdi þetta lag, tók það upp á Mini Disc-spilara og skildi eftir á borðinu hjá bróður mínum áður en ég fór út til Bandaríkjanna. Þetta var eftir fyrstu önnina mína úti og auðheyrta að lagið er undir áhrifum frá amerísku háskóla-gítarrokki eins og Tonic, Third Eye Blind og Goo Goo Dolls. Ég var svolítið að koma þessari tegund af tónlist yfir á þá og öll sú plata ber þess greinileg merki útsetningarlega séð. Þrátt fyrir að þeir hafi verið að gera hefðbundin, íslenskt sveitaballapopp var svona amerísk áferð á því sem kannski gerði það aðeins betra en hitt sem var í gangi á sama tíma.

Þú hefur samið fullt af lögum sem urðu vinsæl. Langaði þig aldrei sjálfur að gera eitthvað í tónlist?

Mér líður bara ekkert vel uppi á sviði, þó að fullt af fólki haldi það. Ég er ágætis söngvari og ekkert mál með það, ætli ég hefði ekki endað sem söngvari í Á móti sól ef ég hefði viljað fara þá leið. Ég segi það vegna þess að ég var í hljómsveit með Þóri, Heimi og Sævari úr Á móti sól á sínum tíma. Hljómsveitin hét Dansband EB og gekk einn veturinn á meðan við vorum í fjölbraut. Við höfðum af þessu finar tekjur, en ég fann mig bara ekkert í þessu. Ég veit líka ekki hvort það væri gaman að horfa á einhvern 100+ kílóa karlmann vera að syngja Spenntur allar helgar einhvers staðar úti á landi. Ég held að það nenni enginn að taka þátt í því.

Þú varst kominn ansi langt með Garðar Cortes úti í Bretlandi og jafnvel Nylon líka. Hvers vegna ákvaðstu að snúa heim?

Ég tók þá ákvörðun eiginlega á meðan ég sat á bresku tónlistarverðlaununum 2008. Þarna var ég með listamanninum mínum (Garðari) sem var tilnefndur fyrir bestu klassísku plötu. Ég var búinn að fara með fjölskylduna út til Bretlands og við bjuggum þar við ágætán kost. En ég hugsaði með mér að ef Garðar ynni verðlaunin væri ég á leiðinni til Ameríku daginn eftir og ég væri ekkert á leiðinni heim næstu fjögur árin. Ég sá fyrir mér að ef ég ætlaði að vera á þessari

lest myndi þetta aldrei enda. Mér fannst við hafa náð glæsilegum árangri, en ég ákvað að stíga til hliðar og hleypa honum í einhverja alvöru menn sem myndu vonandi klára þetta.

Nylon-stelpurnar eru núna að reyna að meika það undir nafninu Charlies úti í Hollywood. Eiga þær einhvern séns?

Þetta er bara eins og í boxinu, þeir einu sem eiga séns eru þeir sem standa upp og halda áfram. Þeir vinna á endanum. Allur þessi bransi snýst um að standa upp og halda áfram, alveg sama þótt eitthvað lag hafi ekki komist í spilun eða einhver dill hafi ekki gengið í gegn. Sjáum til dæmis Katy Perry. Hún gaf út gospelplötu hjá stóru plötufyrirtæki í Bandaríkjunum árið 2001, en það gekk ekki upp hjá henni þannig að hún breytti algjörlega um stíl. Svo þegar þetta slær loksins í gegn höldum við herna heima að þetta sé alveg glænýtt stöf. Þá er listamaðurinn kannski búin að vera að í átta ár. Þetta er þannig með alla. Það þarf stöðugt að standa upp og halda áfram að vinna.

Eru Nylon-stelpurnar nógu góðar á heimsmeilivörðum?

Já, þær eru það. Þær hafa þrautseigjuna sem þarf, þær hanga saman og eru að berjast saman. Þó að engin af þeim hafi verið besta söngkona eða dansari í heimi þegar ég hitti þær 2004, þá er það bara eins og hver annar vöðvi sem þarf að æfa og djöflast í. Ringo Starr er alveg augljóslega ekki besti trommari í heimi og hefur aldrei verið og hann var í Bítlunum! Fólk er ekkert bara komið til þess að hlusta á þig. Þú ert að skemmta fólki og þetta snýst jafn mikið um karakter og annað. Það var nú oft það sem maður var að leita að í þessum Idol og X-Factor þáttum. Ég veit ekki hvað ég lagði á mig til þess að halda Ingó inni í Idolinu. Ég var alveg með það á hreinu að þetta væri eini gæinn sem myndi lifa þessa keppni af. Hann datt út þegar það voru fimm eða sex eftir. Svo bara stendur hann upp aftur og heldur áfram þangað til að hann slær í gegn með Bahama.

Hvers vegna floppaði Luxor?

Það var bara af því að ég var með fókusinn úti um allt á þessum tíma. Ég var á fullu með Nylon og Garðari úti í Bretlandi og gat kannski ekki handstýrt þessu eins og ég þurfti. Svo voru þeir kannski ekki alveg nógu samstíga heldur. En það er ekkert við neinn að sakast nema mig. Ég held að þetta band hefði alveg getað náð flugi, þetta eru allt duglegir strákar og finir söngvarar.

■ ■ Ég veit líka ekki hvort það væri gaman að horfa á einhvern 100+ kílóa karlmann vera að syngja Spenntur allar helgar einhvers staðar úti á landi. Ég held að það nenni enginn að taka þátt í því.

ER EINAR ALVÖRU HNAKKI?

Hvað hefurðu átt mörg pör af böffaló-skóm? Ekkert og aldrei neitt sem líkist böffaló-skóm. Ég átti reyndar einu sinni par af X18-skóm.

Hefurðu einhvern tímann fengið þér strípur og hvað er langt síðan? Já ég fékk mér strípur, en það eru alveg örugglega svona 12-13 ár síðan síðasta par fór í hausinn á mér.

Hvað tekur þú í bekk? Ég hugsa að bekkurinn myndi bara taka mig.

Hvað þekja træbal-tattú mörg prósent af líkama þínum? Núll prósent. Ég hef aldrei almennilega fattað það mál.

Ertu með eitthvað tattú? Nei, ekki neitt. Ég er svoddan snyrtimenni.

Hver er uppáhalds hljómsveitin þín? Vá, þetta er rosaleg spurning. Ef ég myndi vilja fá að vinna einhvers staðar myndi ég vilja fara á túr með Rolling Stones, bara til þess að sjá síðustu risaeðluna. Hér heima er það náttúrulega Skítamóral, því það hefur engin hljómsveit gert eins mikið fyrir mig.

Hvenær fórstu síðast í ljós? Það hlýtur að hafa verið annað hvort 1999 eða 2000. En ég er ennþá hrikalega brúnn og flottur.

Hefurðu einhvern tímann sett á þig brúnkukrem? Nei, en þegar ég sólbrann í sumar ráðlagði einhver mér að brúnkukrem væri það besta sem væri hægt að setja á sólbluna. Ég sel það hins vegar ekki dýrara en ég keypti það og hef ekki reynt það sjálfur ennþá.

Hver er flottasti bíll sem þú hefur átt? Mesti hnakkabíllinn er Chevrolet Spark sem ég er á núna. Hann er proskahæftur. Minnsti stærsti bíll í heimi. Ég er að taka hnakkann alla leið þar og er með álfelgur og allan þakkann.

Ætti Selfoss að vera höfuðborg Íslands? Ég hugsa að það sé vel athugandi. Það er meira að segja ráðhús þar og allt. Það væri hægt að minnka yfirbyggingu ríkisins mjög vel. Selfoss er mjög afslappaður og yfirvegaður staður, þannig að ég hugsa að það yrðu bara teknar góðar ákvarðanir í ríkisstjórn sem sæti á Selfossi.

Monitor álitur Einar ekki sérstaklega mikinn hnakka. Í besta falli er hann grísa hnakki. Hnakkalegast er að hann skuli koma með raunveruleg rök fyrir því að Selfoss gæti verið höfuðborg Íslands.

Luxor-platan fékk ekki beinlínis góða dóma.

Mér fannst mjög sérstakt að Fréttablaðið var búin að dæma þá plötu áður en hún kom í verslanir. Hún kom til landsins um helgi, það var byrjað að dreifa henni á mánudagsmorgni og í þriðjudagsblaði Fréttablaðsins birtist mjög yfirgripsmikill dómur um hana. Þar var henni bara rústað. Gagnrýnandinn byrjaði á því að segja að hann þoldi ekki svona pælingar, einhver



tilbúin bönd með fyrirfram afgreiddri tónlist frá einhverjum pródúser. Þá hefði hann náttúrulega mátt láta þetta verkefni ganga á eitthvað annað borð þar sem menn kæmu ekki að kofanum með svona miklum fordómum.

Þú hefur nú lent í því oft en einu sinni að þótt verkefni þín njóti mikilla vinsælda eru þau síður en svo allra. Bönd eins og Skítamóral og Nylon eru til dæmis óneitanlega á meðal þeirra umdeildustu í íslenski poppsögu. Hafa neikvæðu raddirnar eitthvað pirrað þig?

Já, þær hafa alveg gert það. Ef ég til dæmis gúggla sjálfan mig með stafsetningarvillu, til dæmis „Einar Bárða“ eða „Einar Bárðarsson“ með tveimur s-um, þá kemur skiturinn. Það er mjög áhugaverð lesning. En gæðin eru ekki meiri á bak við þetta en að ég þarf að skrifa nafnið mitt vitlaust til þess að fá þetta upp. En popp er bara svona. Það er bara þannig að það er ekki verið að ræða hluti sem eru ekki áhugaverðir. Maður lét þetta aðeins trufla sig í byrjun á sínum ferli, en núna veit ég að það er bara merki um að maður sé að ná árangri, ef einhver er að agnást út í mann einhvers staðar. Ég tek því þannig allavega.

Það fær ekki hver sem er undirskriftasöfnun til höfuðs sér, eins og þegar forsvarsmenn X-ins hófu undirskriftasöfnunina „Stöðvum Einar Bárðarson“.

Ég hefði nú viljað sjá X-ið ná meiri árangri í því, það voru ekki nema þrjú eða fjögur hundruð manns sem skrifuðu undir. Ég geri stundum grín að því að skömmu síðar fór ég úr landi og flutti til Bretlands, þannig að ég fór bara í einu og öllu eftir því sem þeir vildu. Ég var hins vegar sár um daginn þegar Gillzenegger var að velja feitasta umboðsmanninn og valdi Mána, umboðsmann Diktu, og ég lenti í öðru sæti. Ég þarf eitthvað að fara yfir það betur. Svona er bara kultúrinn í kringum þennan X-hóp. Daginn sem X-ið er ekki að agnást út í mann fer maður að hafa áhyggjur af hlutunum. Þá er eitthvað ekki alveg í lagi.

Hvernig kom það til að þú ákvaðst að stofna útvarpsstöð?

Ég var búinn að sjá Einar Björnsson vin minn reka Útvarp Suðurland og hann hefur alla tíð gert það mjög vel, með lítilli yfirbyggingu. Ég var líka búinn að vera að velta því fyrir mér hvað margir af vinum mínum, sem voru í útvarpi, væru að gera. Einar Ágúst, Gulli Helga og fleiri. Svo var það þannig að ég var að kaupa auglýsingar á Bylgjunni fyrir ball hjá Officeraklúbbnum og það var svo ofboðslega erfitt. Ég þurfti í fyrsta skipti á ævi minni að fyrirframgreiða auglýsingarnar og ég sagði við þá: „Hvað fattið þið ekki? Ballið er á laugardaginn, ég á enga peninga núna.“ Fyrir utan það að ég hafði verið í reikningsviðskiptum þarna í 15 ár og ekkert upp á mig að klaga í því. En mér var gert að staðgreiða auglýsingarnar „bara af því bara“. Ég hugsaði með mér, ef það er svona ódýrt að opna útvarpsstöð og allir vinir mínir úr útvarpinu eru alveg til í að fara í útvarp aftur, og ef það er orðið svona erfitt fyrir fólk að kaupa auglýsingar, þá hljóta að vera alveg meiriháttar sóknarfæri í útvarpi. Sá sem var að tala við mig pirraði mig bara svo rosalega mikið að ég ákvað bara að stofna útvarpsstöð.

Er þetta ekki galin viðskiptahugmynd?

Jú. Það sem fylgdi í kjölfarið eru einhverjir alerfiðustu 12 mánuðir sem ég hef upplifað, hvað varðar rekstur og rekstrarumhverfi. Hins vegar er þetta mjög spennandi, enda er þetta ógeðslega góð útvarpsstöð og hlustun orðin mjög góð. Reksturinn safnaði á sig miklum skammtíma-skuldum í vetur og í vor var ég farinn að hafa verulegar áhyggjur af þessu, hvort þetta myndi lifa af. En þá fórum við að fá rosalega góðar hlustunartölur. Við fluttum með stöðina í bæinn í júlí, vorum með þátt á Skjá einum og hlustunin tvöfaldaðist. Við höfum unnið náði með birgjum og öðrum sem við skuldum og það er ótrúlegt hvað fólk er tilbúið að koma til móts við okkur og hjálpa okkur með þetta. Það eru skemmtilegir tímar núna.

Ég veit ekki hvað ég lagði á mig til þess að halda Ingó inni í Idolinu. Ég var alveg með það á hreinu að þetta væri eini gæinn sem myndi lifa þessa keppni af.

Hvernig sérðu framtíð Kanans?

Mig langar að eiga bestu útvarpsstöð landsins fyrir aldurshópin 20 til 50 ára. Það er markmiðið til næstu tveggja til þriggja ára og ég ætla að einbeita mér að því af fullum krafti. Ég sé alveg rosaleg sóknarfæri, en fyrir mér snýst þetta ekki um að búa til eitthvað fjölmiðlaveldi og fara að gefa út blöð eða búa til aðra útvarpsstöð. Ég vil bara eiga eina sjóðandi heita útvarpsstöð og það er nóg. Maður er búinn að sjá að það að eignast allan heiminn virðist ekki færa fólk neina sérstaka hamingju.

Hvað stendur upp úr á ferlinum?

Að hafa haft yfirumsjón með upptökum á plötu sem er tilnefnd til bresku tónlistarverðlaunanna. Ég stýrði vinnuferlinu, valdi lögin á plötuna og áferðina sem hún átti að fá. Þó að það standi Cortes en ekki Einar á plötunni, þá er þetta mesta viðurkenning sem ég hef fengið í starfi. En ég er auðvitað ekki svo vitlaus að halda að tilnefningin hefði komið án Garðars. Þetta var frábært samstarf og Garðar er einhver falletta rödd sem Ísland á. Svo á mér eftir að þykja mjög vænt um það þegar stelpurnar slá í gegn úti í Bandaríkjunum, ég er alveg viss um að þeim tekst það með einum eða öðrum hætti.



Var eins og Dúddi í Með allt á hreinu

Fyrsta alvöru umboðsmannsverkefni Einar fékk hann sumarið 1996 hjá SSSól, sem þá var ein allra vinsælasta popphljómsveit landsins. „Ég hafði verið skemmtanastjóri á stað á Selfossi og Helgi hafði margoft komið og spilað hjá mér. Ég hélt síðan eitthvað gigg í bænum, þar sem Helgi var að spila, og hann bað mig um að vera umboðsmaður fyrir SSSól. Ég hugsaði bara: „Já sæll, sá er búinn að drekka,“ segir Einar, en hann fékk þó símtal frá Helga í vikunni á eftir.

„Ég var með gamsa þarna, en gat bara notað hann í Reykjavík, því það var ekki gamsasamband á Selfossi. Þannig að Helgi þurfti að hringja heim til mín, það er orðið svona langt síðan,“ segir Einar. Helgi var þá nýbúinn að opna skemmtistaðinn Astro og var auk þess í aðalhlutverki í söngleiknum Rocky Horror í Loftkastalanum. Einar átti því að sjá um bókanir, plögg og tilheyrandi fyrir sveitina, sem túraði um landið með Sólstrandargæjunum þetta sumarið. Sólstrandargæjarnir voru þarna nýbúinir að slá í gegn með laginu Rangur maður.

„Hver heldurðu að fari að tjalda hérna?“

Fyrsta ballið sem Einar skipulagði var í Ýdölum um miðjan júní eftir útskrift hjá Verkmennaskólanum á Akureyri. „Helgi var búinn að segja að það kæmu að minnsta kosti 900 manns og myndu tjalda þarna og gista. Ég flaug til Húsavíkur og þegar ég mætti á staðinn var bara drullugrár mói, ekkert farið að taka lit og snjór niður miðjar hlíðar. Ég hugsaði bara: „Hver heldurðu að fari að tjalda hérna, hann er orðinn geggjaður maður.“

„Svo var ég sendur út í rútu að hringja á kvöldvaktina á Bylgjunni og Rás 2 til að kynna þetta,“ segir Einar sem var ekki nógu ánægður með hvernig það tókst. „Eftir að ég lagði símann á hugsaði ég með mér að ég fengi aldrei í lífinu að fara aftur í viðtal á Bylgjunni og að það væri ekki kjaftur að fara að koma á þetta ball. Mér leið eins og Dúdda rót í Með allt á hreinu þegar hann kom niður í fiskabúningnum,“ segir Einar.

En allt kom fyrir ekki. „Ég sat baksviðs í einhverju þunglyndi, en þegar ég kíki fram svona korter í tólf var húsið gjörsamlega stappað. Það var gjörsamlega vangefin stemning og allt sumarið var kolvangefið. Svona gerist þetta stundum, maður slystast út í eitthvað sem maður heldur að sé algjört sjálfsmorð en verður svo mjög skemmtilegt og farsælt. Svo situr náttúrulega eftir langur og mikill vinskapur við Helga Björns sem er eitthvað sem skiptir meira máli en allir peningarnir sem var hugsanlega hægt að vinna sér inn það sumar.“



EINAR OG HELGI BJÖRNS Á 20 ÁRA AFMÆLISTÓNLEIKUM SKÍTAMÓRALS Í FYRRA

Þó að það standi Cortes en ekki Einar á plötunni, þá er þetta mesta viðurkenning sem ég hef fengið í starfi.

LANGAR ÞIG Í VESPU FRÁ HEKLU?

Ert þú með Extra-brosið?

Við ætlum að gefa
Vespu LX 50!

að verðmæti 489.000 kr.

Já þú last rétt, þú getur fengið heila Vespu gefins!

Sendu okkur mynd af þér

skælbrosandi á extra@monitor.is.



Það skemmir ekki fyrir ef þú ert með Extra-tyggjó á myndinni eða jafnvel á Vespu frá Heklu.

Síðan verður kosið um besta Extra-brosið og hlýtur sigurvegarinn Vespu frá Heklu, Canon-myndavél, birgðir af Extra-tyggjó og þrjú mánaða kort í Sporthúsinu.

September

1

Miðvikudagur

Við tökum við myndum til 1. september. Þá setjum við allar myndirnar á netið og höldum Facebook-kosningu á bestu myndinni þar sem allir Facebook-notendur geta kosið. Sigurvegarinn verður krýndur 16. september.



Hvað þarftu
að gera?

Sendu okkur mynd af þér skælbrosandi á extra@monitor.is og láttu fylgja með fullt nafn, kennitölu og upplýsingar um hvar er hægt að finna þig á Facebook.






Extra áskilur sér rétt til að nota myndirnar sem sendar eru til þátttöku í hvers kyns kynningarskyni.



MONITOR

Fylgist með Monitor á Facebook
[facebook.com/monitorbladid](https://www.facebook.com/monitorbladid)



FERILLINN



Chris Farley

Hæð: 173 sentimetrar.
Besta hlutverk: Tommy í Tommy Boy.
Skrytin staðreynd: Farley hafði farið 17 sinnum í meðferð vegna offitu og vímuefnaneyslu þegar hann lést.
Eitruð tilvitnun: „Í landi skunka er sá sem hefur háft nef konungur.“

1964 Fæðist 15. febrúar í Wisconsin-fylki.

1990 Lýkur háskólanámi með áherslu á leiklist.

1990 Tekinn inn í Saturday Night Live-hópin ásamt Chris Rock.

1990 Leikur sitt fyrsta kvikmyndahlutverk í Wayne's World.

1995

Rekinn úr Saturday Night Live. Sama ár leikur hann í myndinni Tommy Boy sem naut mikilla vinsælda.

1997 Bróðir hans, John, finnur hann látinn í íbúð hans í Chicago. Farley fékk hjartaáfall eftir ofneyslu eiturfylla. Farley var jarðsunginn í heimabæ sínum, Madison, og voru margir kollugar hans viðstaddir. Góðvinur hans, David Spade, mætti hins vegar ekki, en hann sagðist ekki geta hugsað sér að vera á stað þar sem Chris lægi í kassa.



ÞETTA ER NÁTTÚRULEGUR HÁRLITUR ÞEIRRA ALLRA

Frumstýningar helgarinnar

Scott Pilgrim vs. the World

Leikstjóri: Edgar Wright.
Aðalhlutverk: Michael Cera, Kieran Culkin, Chris Evans og Mary Elizabeth Winstead.
Lengd: 113 mínútur.
Dómar: IMDB: 8,2 / Metacritic: 6,8 / Rotten Tomatoes: 81%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 12 ára.
Kvikmyndahús: Smárabíó, Laugarásbíó og Borgarbíó.

Scott Pilgrim er 23 ára bassaleikari í bílskúrsbandinu Sex Bob-omb og hefur hann aldrei átt í vandræðum með að ná sér í kærustur. Hann hittir draumastúlku, Ramonu, en henni fylgja sjö fyrirverandi kærastar sem ætla að drepa hann. Nú verður Scott að losa sig við þá alla til að geta verið með Ramonu sinni.



LEIKSTJÓRINN EDGAR WRIGHT

Leikstjóri Scott Pilgrim vs. the World er hinn 36 ára gamli Englandingur Edgar Wright. Hann er þekktastur fyrir að leikstýra kolsvörtu gamanmyndunum Shaun of the Dead (2004) og Hot Fuzz (2007), sem skarta þeim Nick Frost og Simon Pegg í aðalhlutverkum. Báðar myndirnar eru hreint frábærar og óhætt að mæla með að fólk grafi þær upp.



The Human Centipede

Leikstjóri: Tom Six.
Aðalhlutverk: Dieter Laser, Ashley C. Williams, Ashlynn Yennie og Akihiro Kitamura.
Lengd: 92 mínútur.
Dómar: IMDB: 5,2 / Metacritic: 3,3 / Rotten Tomatoes: 49%
Aldurstakmark: Bönnuð innan 18 ára.
Kvikmyndahús: Háskólabíó og VOD-leigur.

Þýskur skurðlæknir lokar tvær bandarískar stúlkur og japanskan mann ofan í kjallara og ætlar sér að framkvæma á þeim viðurstygiglega aðgerð, hann vill tengja þau þrjú saman í gegnum meltingarfærin. Human Centipede er lýst sem einhverri mest sjokkerandi mynd allra tíma.



Step Up 3-D

Leikstjóri: Jon Chu.
Aðalhlutverk: Rick Malambri, Adam G. Sevani, Sharmi Vinson og Alyson Stoner.
Lengd: 107 mínútur.
Dómar: IMDB: 4,2 / Metacritic: 4,5 / Rotten Tomatoes: 48%
Aldurstakmark: Leyfð öllum.
Kvikmyndahús: Sambíóin.

Luke, Natalie og Moose eru í þéttum hópi götudansara í New York. Þau neyðast til að keppa á móti bestu hiphop-dönsurum heims í keppni sem á eftir að breyta lífi þeirra að eilífu. Myndin er framhald Step Up og Step Up 2: The Streets



Popp-korn

Vampírumenningin hefur tröllriðið öllu í Hollywood og nú hefur verið áætlað að vampírutengt efni hafi skilað Hollywood um sjö milljörðum Bandaríkjadala, andvirði um 850 milljarða íslenskra króna. Þar ber að sjálfsgöðu hæst Twilight-myndaserían og sjónvarpsþátturinn True Blood.



Eiginkona leikarans smávaxna Martin Short er látin. Hún hét Nancy Dolman og var 58 ára. Þau höfðu verið gift í 30 ár og áttu saman þrjú börn. Short er þekktastur fyrir leik sinn í fjölmörgum gamanmyndum á tíunda áratugnum og úr Saturday Night Live.



Katie Holmes er væntanleg aftur á hvíta tjalddi, en hún hefur ekki sést í kvikmynd síðan hún lék í Batman Begins árið 2005. Nú hefur hún tekið að sér að leika á móti Adam Sandler í Jack & Jill, sem er væntanleg á næsta ári, og segir sagan að Al Pacino verði einnig í hlutverki í myndinni.



Oríði á götunni er að Angelina Jolie ætli að þreyta frumraun sína í leikstjóra-stólum og gera kvikmynd sem gerist í stríðinu í Bosníu í upphafi 10. áratugarins. Lítið er vitað um verkefnið og ekki fylgdi sögunni hvort hún ætlaði sér að leika sjálf í myndinni.



Ekki láta skólann vera stress, streð, óstuð eða stífar andvökunætur...

...því það að ganga vel í skóla hefur ekkert með hve miklum tíma þú eyðir í námið...

STOPP!!

"Ég las mjög hægt og átti erfitt með einbeitingu en eftir námskeiðið var einbeiting mun betri og lestrarhraðinn fimmfaldaðist." - Rut Jóhannsdóttir, 23 ára nemi

"Frábært námskeið, ég náði að tvöfalda lestrarhraðann og auka skilning á einu helgarnámskeiði. Mér fannst alltaf leiðinlegt að lesa en núna hlakka ég bara til að halda áfram." - Petrea Aðalheiður, 20 ára nemi.

"Nú get ég farið kvíðalaus í framhaldsskóla!" - Fanney M. 16 ára verðandi framhaldsskólánemi

Hver sem ástæðan þín er...

Aftur í nám?
Meiri lestur?
Meiri árangur?

"Ótrúlegt! Hefði aldrei dottið í hug að hægt væri að auka lestrarhraðann og auðvelda námið á svo einfaldan hátt." - Svanlaug Arnadóttir, 21 árs nemi

36 MÁN.
ANÆGJU-
ÁBYRGÐ

100%
ÆVI
ÁBYRGÐ

100%
ÁRANGURS-
ÁBYRGÐ

Við ábyrgjumst árangur og ánægju h.is/abyrgd - því þú átt það skilið

"Námskeiðið hefur skilað auknum hraða en ekki síður skilningi sem kemur sér vel og eykur möguleikann á því að takast á við nám samhliða vinnu, auk þess að komast yfir meira lesefni tengt vinnu og áhugamálum." - Lilja Pétursdóttir, 37 ára Rekstrarstjóri

"Algjör snilli! Ótrúlega vel framsett og skipulagt námskeið. Eg hafði talið sjálfri mér trú að ég væri bara lengi að les og dróslaðist í gegnum nám en eftir þetta námskeið sé ég að ég get lesið hratt. Þetta námskeið mun nýtast mér bæði í námi og starfi! Það er snillið. Hefði viljað koma mikku fyrr." - Valdis Guðbjörnsdóttir, 43 ára Ráðgjafi

"Ég hef nú þegar tvöfaldað leshraðann á tveimur dögum. Eg er með samviskubit yfir því að borga svona lítið." - Guðmundur S. 34 ára Rafvirki.

...en allt með það HVERNIG þú eyðir honum

~ 3 vikna námskeið ~
 Reykjavík 31. ágúst
 ~ Hraðlestrarakrakkar ~
 ...fyrir 9-12 ára - hefst 1. sept.
 ~ Helgarnámskeið ~
 Reykjavík 4. sept.
 ~ 6 vikna námskeið ~
 Hafnarfjörður 22. sept.
 SKRÁNING HAFIN

90 DAGAR
 ...til að toppa námsárangurinn
 ...hefst 10. sept - Skráning
 hafin á h.is/90dagar

HRADLESTRARSKÓLINN Skráning hafin á www.h.is/monitor & í síma 773-0100

Verstu kvikmyndagerðarmenn heims?

Kvikmyndin Vampires Suck, eftir félagana Jason Friedberg og Aaron Seltzer, var frumsýnd í kvikmyndahúsum landsins í síðustu viku. Myndin gerir grín að vampírmyndum og -þáttum sem notið hafa mikilla vinsælda undanfarið. Friedberg og Seltzer hafa einmitt sérhæft sig í gerð myndna af þessu tagi, þar sem þeir taka fyrir ákveðið kvikmyndapema og gera grín að því og snúa út úr. Það verður seint deilt um gæði myndanna sem Friedberg og Seltzer hafa gert, en flestir eru sammála um að þau séu engin. Síðustu fimm myndir sem þeir hafa gert eru allar með á bilinu 2-6% í einkunn á Rotten Tomatoes og þrjár þeirra eru



FRIEDBERG OG SELTZER VIÐ TÖKUR

kvikmyndavefnum Spill.com, gekk svo langt að búa til nýja einkunn þegar hann dæmdi Disaster Movie. Hún fékk „F*** You“ í einkunn! Þrátt fyrir þetta hafa allar myndirnar komið út í finum hagnaði. Date Movie, Epic Movie og Meet the Spartans þénuðu til að mynda allar um 85 milljónir dollara, en kostuðu ekki nema um 20-30 milljónir í framleiðslu. Vampires Suck er þegar búin að hala inn það sem hún kostaði í framleiðslu, þannig að góðar líkur eru á því að við fáum að sjá enn fleiri myndir frá Friedberg og Seltzer.

Síðustu myndir Friedberg og Seltzer og einkunn þeirra á Rotten Tomatoes:

2006	Date Movie	6%
2007	Epic Movie	2%
2008	Meet the Spartans	2%
2008	Disaster Movie	2%
2010	Vampires Suck	5%



GAGNRÝNENDUM ER EKKI SKEMMT

á lista IMDB yfir 100 verstu myndir allra tíma. Gagnrýnendur hreinlega keppast við að finna nógu sterk lýsingarorð til að drulla yfir myndir þeirra og Corey Coleman, hjá



Ruglingslegustu kvikmyndirnar

Ástralska blaðið Sydney Morning Herald tók í vikunni saman skemmtilegan lista yfir „ruglingslegustu“ myndir allra tíma. Kvikmyndin 2001: A Space Odyssey eftir Stanley Kubrick er efst á blaði á listanum og kemur það kannski ekki mörgum á óvart. Í öðru sæti er hin frábæra Donnie Darko frá árinu 2001 og í því þriðja er Mulholland Drive eftir David Lynch. Það er svo reyndar tekið fram að allar aðrar Lynch-myndir eigi heima á listanum. Hér má sjá listann yfir ruglingslegustu myndirnar að mati blaðsins.

1. 2001: A Space Odyssey
2. Donnie Darko
3. Mulholland Drive
4. The Matrix Revolutions
5. Synecdoche, New York
6. Vanilla Sky
7. I Heart Huckabees
8. Southland Tales
9. Don't Look Now
10. Primer



Of dýrt að taka upp í New York

Leikstjórinn Woody Allen sagði á blaðamannafundi að hann hafi hætt að gera myndir í New York þar sem það sé orðið alltof dýrt. Þetta sagði Allen við frumsýningu nýjustu myndar sinnar, You Will Meet A Tall Dark Stranger, á Spáni. Myndin er einmitt tekin upp þar í landi og næsta mynd hans, Midnight in Paris, er tekin upp í Frakklandi. Þá var hin ágæta mynd hans Vicky Cristina Barcelona, frá árinu 2008, tekin upp á Spáni. Allen notaði einnig tækifærið og hrósaði spænskum leikurum, sem væru á meðal þeirra bestu sem hann hefði unnið með, og nefndi í því samhengi Antonio Banderas, Javier Bardem og Penelope Cruz. „Ég er heppinn að starfa bara með þeim bestu,“ sagði Allen, en sagðist ekki vera í aðstöðu til að greiða þau ofurlaun sem tíðkast í bransanum. Sagði hann að leikarar veldu að vinna með honum vegna ástríðu fyrir leiklistinni, en ekki peningum.

GALLABUXNAÚRVALIÐ ER Í BLEND



Style 6345
wash #933
11.990,-



Style 6881
wash #902
9.990,-



Style 6881
wash #939
11.990,-



Style 6053
wash #902
11.990,-



Style 6518
wash #916
11.990,-



Style 6646
wash #844
11.990,-



Style 6910
wash #100
9.990,-



Style 6910
wash #100
9.990,-



Style 6907
wash #844
11.990,-



Kringlan // Smáralind
www.blendcompany.com

BLEND
THE MODERN ART OF VINTAGE

fílófaxið

fimmtudagur

26
ágúst

GAVIN PORTLAND
Kaffistofan, Hverfisgötu 42
19:30 Hljómsveitin Gavin Portland spilar á Kaffistofunni, nemendagallerí ásamt tveimur til þremur öðrum rokkböndum. Miðaverð er 500 krónur.

THE ESTORIC GENDER OG FUTUREGRAPHER
Faktorý
21:00 Ókeypis tónleikar á Faktorý. Húsið opnar klukkan 21 en tónleikarnir hefjast klukkan 22 með The Estoric Gender en Futuregrapher taka við kl. 23.

27
ágúst

föstudagur



sýningu þar sem kannað er greiðara aðgengi íbúa heimsins hver að öðrum gegnum tölvutækni og stafræn rými og er sjónum jafnframt beint að því hvað sé sanngjarn í samskiptum vesturlandabúa við þriðja heiminn. Þetta er fyrsta sýning en önnur sýning fer fram á sunnudag. Aðgangseyrir er 2.000 krónur.

LAY LOW OG VINIR
Menningarhúsið Hof, Akureyri
19:30 og 22:30 Lay Low tekur á móti tugum norðlenskra tónlistargesta og flytja þau norðlenska tónlist í bland við hennar eigin, í tilefni opunarhátíðar Menningarhússins Hofs og Akureyrarvöku. Miðaverð er 1.500 krónur.



LADA SPORT, BOB OG CORAL
Faktorý
22:00 Hinar gamalkunnnu sveitir hittast til að rokka allt í tætlur. Húsið opnar klukkan 22 en tónleikarnir hefjast klukkan 23. Fritt inn.

ADHD OG NILS WOGRAM
Listasafn Reykjavíkur
20:00 ADHD hlaut íslensku tónlistarverðlaunin fyrir sína fyrstu plötu sem tekin var upp á Jazzhátíð 2009. Hér eru þeir samankomnir ásamt Nils Wogram, einni helstu vonarstjörnu þýskrar jazztónlistar. Tónleikarnir eru liður í Jazzhátíð Reykjavíkur 2010. Miðaverð er 2.500 krónur.

EINN ÞREFALDUR
Sódoma Reykjavík
22:00 Þrefaldir tónleikar á vegum Jazzhátíðar Reykjavíkur þar sem Horn, með Jón Pálsson í farabroddi, stígur fyrst á sviði, því næst spænski saxófónleikarinn Perico Sambeat og loks La Fanfare du BelgistaN, sem spilar í síðasta sinn á Íslandi í bili. Miðaverð er 2.000 krónur.

NÍGERÍUSVINDLIÐ
Þjóðleikhúsið, Kassinn
20:00 Sviðslistahópurinn 16 elskendur bjóða upp á

laugardagur

28
ágúst

SNIGLABANDIÐ
Borgarleikhúsið, stóra svið
20:00 Sniglabandið fagnar 25 ára afmæli sínu um þessar mundir og blæs af því tilefni til stórtónleika.

KIMONO OG FORMAÐUR DAGSBRÚNAR
Faktorý
22:00 Kimono er á leið í heljarinnar tónleikaferðalag um Evrópu en fyrst ætla þeir að halda eina tónleika í Reykjavík ásamt Formanni Dagsbrúnar. Formaður Dagsbrúnar byrjar klukkan 22 en Kimono klukkan 23. Miðaverð er 1.000 krónur.



STÓRTÓNLEIKAR Í MOSFELLSBÆ
Miðbæjartorg, Mosfellsbæ
20:30 Fjölskylduhátíðin í túninu heima fer fram í Mosfellsbæ um helgina. Af því tilefni verða allskyns viðburðir en einn þeirra er þessir stórtónleikar þar sem Memfismaffan, Baggalútur, Hafðis Huld, Steindi Jr., Ingó og Hreindis Ylfa koma fram.

HAMMOND-TÓNLEIKAR
Hafnarhúsið
22:00 Fjórir tónlistarmenn spreyta sig á Hammond-orgeli á tónleikum á vegum Jazzhátíðar Reykjavíkur. Miðaverð er 2.000 krónur.

LOKAPRÓFIÐ

26. ágúst 2010 | MONITOR

Nafn: Andri Ólafsson
Þú veist hver ég er af því að ég er síðameistar hlj.sv. Moses Hightower



Ef ég yrði að hefja tónlistarsamstarf með einum af eftirfarandi þá yrði það

- a) Leoncie.
 - b) Ásdís Rán.
 - c) Gylfi Ægisson.
 - d) Hemmi Gunn.
- vegna þess að hann gæði þáttþétt skaffað aðganga hárfílk.



Það sem fáir vita um Moses Hightower er að hættu þvakt mun einhverjng nýja stefna; blíðmetski og hættu
"GRIND ME GENTLY"

Sá bassaleikari sem ég líkist mest er
a) Flea úr Red Hot Chilipeppers.
b) Jason Newstead úr Metallica.
c) Þróstur bassafantur úr Mínus.
d) Sting.
e) Magnús Þólar / Benji Lorenis
Ég er fæddur og uppallinn



Það leiðinlegasta sem ég veit er skolek og tittekt, en það skemmtilegasta sem ég veit er glens

sem er sníld vegna þess að þá get ég einbeitt mér að börnu



Lag sem lýsir Moses Hightower vel er
a) Moving on Up með M People.
b) Soulman með Blues Brothers.
c) Just Getting Started með Dikta.
d) Moses Hightower með Moses Hightower.

Ef hljómsveitin mín hétu ekki Moses Hightower þá hétu hún

- a) Sálin hans Móses míns.
- b) Sál og fjör.
- c) Lögregluskólinn.
- d) Steini & Stórhestarnir



Ég er með fóbíu fyrir hates

Ef ég væri Kryddpía væri ég
a) Mel B. (Scary)
b) Mel C. (Sporty)
c) Victoria (Posh)
d) Geri (Ginger)
e) Emma (Baby)



Ef ég gæti ferðast um tímann þá myndi ég fara til ársins 2000 vegna þess að ég væri til í að sjá D'Angelo live

Andstæðan við Moses Hightower er
a) Nylon / The Charlies.
b) Grænland-ingakórinn hennar Bjarkar.
c) Danny Devito.
d)

Þegar ég er ekki að spila tónlist þá eyði ég tímanum í áhugasamum málum



Mig langar mest að eignast Rhodes, en ég væri hins vegar mikið til í að losa mig við rót


Það sem kemur fólki mest á óvart við mig er að ég skuli
elki hafa verið þri. í fimleikum

Ef ég fengi að gera einn Facebook-status sem allur heimurinn sæi myndi ég skrifa FOR A BETTER SEX LIFE, TRANSFER \$50 TO ACCOUNT [x]

Síðast en ekki síst


» Hafsteinn Hauksson, fréttamaður á Stöð 2, fílar

Kvikmyndin Ég held alveg hrikalega mikið upp á **Broke-back Mountain** af einhverjum ástæðum. Finnst hún ein magnaðasta ástarsaga sem hefur verið gerð fyrir hvíta tjaldið. Casablanca hvað?




í dag ekkert eftir. Svo eru bækurnar líka listlega vel þýddar.


Sjónvarpsþátturinn **Mad Men** er það langbesta sem er í gangi þessa dagana. Svo liður manni líka alltaf vel með sig af því að horfa á þá, því hver sem er myndi líta út eins og heilsufrík og dýrtingur við hliðina á viskísvolgrandi og reykjandi framhjáhöldurinum í þáttunum.



Platan Ég á reyndar eftir að kaupa hana sjálfur, en eftir magnaða frammistöðu hljómsveitarinnar Sykur á Menningarnótt held ég að mér sé óhætt að mæla með plötunni **Frábært eða frábært**. Fáránlega hæfileikaríkir strákar með nef fyrir grípandi raftónlist.



Bókin Ég keypti **Sherlock Holmes** bókaraðina á forn-bókasölu fyrir löngu og er núna loksins að þræða mig skipulega í gegnum hana. Það er afskaplega hrifandi bókmenntir sem gefa spennusögum



Vefurinn Fasteignir.is er mjög öflugur vefur og sá sem ég skoða mest þessa dagana, enda farinn að huga að því að fljúga úr hreiðinu.

Staðurinn Kaffihúsið Prikið að degi til. Þar eyddi ég lungunum úr fyrsta vetrinum mínum í háskóla með kaffi, góðan mat og hagfræðibækur. Var farinn að visa til Priksins sem skrifstofu minnar undir það síðasta.



FROYO

Fitulítil Ferskur Jógúrtis

Jógúrtisinn sem sló í geng í USA

Núna á Íslandi

Nýr frábær Jógúrtis ferskari og fituminni Fituinihald minna en 1% Fjöldi spennandi bragðtegunda

Yfir 40 tegundir af fersku og spennandi meðlæti

Ávextir – Hnetur – Granola – Nammi

Ísbúðinni Álfheimum 4

Sími 568 0050 · froyo@simnet.is

Hollusta & Ferskleiki FroYo Jógúrtis fæst aðeins í FroYo jógúrtis er á Facebook

hp
- MEST SELDU
FARTÖLVUR Í HEIMI*


KRAESTI!

Sleppa
kafla 2.89



HP G62-a14
139.900 kr.

Örgjörvi: AMD Athlon II P320
Harður diskur: 500GB 7200 rpm
Skjár: 15,6" HD LED BV, 1366x768
Skjákort: ATI Mobility Radeon HD 4250
Vinnsluminni: 4 GB
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að
lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.



EKKI
GLEYMA
ÍSL. PRÓF
21. 10

dönn

VERTU KLÁR

Nýja haustlínan frá OK búðinni á skólatilboði.



HP MS 228 AIO
139.900 kr.



HP dv6-2133
159.900 kr.



MacBook
199.900 kr.

Örgjörvi: AMD Athlon II X2 250u Harður diskur:
500 GB 7200 rpm Skjár: 19" Vinnsluminni: 4 GB
Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt að lengja í 3 ár.

Örgjörvi: AMD Athlon II Dual Core M320 Harður
diskur: 500GB 7200 rpm Skjár: 15,6" HD LED BV,
1366x768 Skjákort: 1GB skjákort, ATI Radeon HD 4650
Vinnsluminni: 4 GB Ábyrgð: 2ja ára HP ábyrgð, hægt
að lengja í 3 ár. 1 ár á rafhlöðu.

Örgjörvi: Intel Core 2 Duo Harður diskur: 250 GB
5400 rpm Skjár: 13,3" LED breiðfalddskjár
Skjástýring: NVIDIA GeForce 9400M
Vinnsluminni: 2 GB Ábyrgð: 2ja ára




Office 2010
19.900 kr.

Office pakinn inniheldur Word
2010, Excel 2010, PowerPoint
2010, OneNote 2010 og leyfi
fyrir allt að þrjár tölvur.



HP PHOTOSMART
All-In-One
18.900 kr.

Fjölhotaþentari sem ljósritar, skannar
og prentar í ljósmyndagæðum.



OK
búðin

Opunartími: mán - fös. kl. 9 - 18 / lau. 11 - 15

PARTY
HJÁ BEBBU

kl. 9⁰⁰

570 1140

Opin kerfi eru dreifingar- og þjónustuaðili HP á Íslandi. HP tölvubúnaður fæst hjá samstarfsaðilum um land allt.

OK
búðin

OK búðin / Höfðabakka 9 / 110 Reykjavík / Sími 570 1140 / www.okbudin.is

VERT - 14085

* Skv. Gartner.




Kíktu á Námuna á Facebook

150 fríar færslur á ári fyrir Námufélaga

Náman leggur námsmönnum lið með því að bjóða hagstæðari kjör, betri yfirsýn yfir fjármálin, 2 fyrir 1 í bíó*, 150 fríar færslur á ári, Námu A-kort með Aukakrónusöfnun auk fjölda annarra fríðinda.

Það er leikur að læra með Námunni.

Jón Benediktsson,
Námufélagi og nemi í
stærðfræði



Lausn: printala

ENNEMAM / SIA / NM42316
NBI hf. (Landsbankinn), kt. 471008-0280

NÁMAN | landsbankinn.is | 410 4000

 Landsbankinn

*Bíó / Laugaráslið, Smáskóli, Regnþroganum, Hæðstakóli og Þingubólíman. Tím. sé gætt með Námunni